

Föstudaginn 2. júní 1989.

Nr. 375/1988. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Axel Þórarni Þorsteinssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Tékkasvik. Fjársvik. Skjalafals. Hegningarauki. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. ágúst 1988 að ósk ákærða, en einnig af ákærvalds hálfu til sakfellingar samkvæmt ákærum og refsipýngingar. Meðákærðu óskuðu ekki áfrýjunar héraðsdóms.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákærvalds að fallið væri frá ákæru samkvæmt II. kafla ákæruskjals 21. mars 1988, en héraðsdómari sýknaði ákærða af þessum kafla ákærunnar.

Af hálfu ákærða hefur þess verið krafist aðallega, að hinn áfrýjandi dómur verði ómerktur frá og með 20. janúar 1988 og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsuppkvaðningar að nýju. Til vara krefst hann þess að dæmd refsing héraðsdóms verði lækkuð og jafnframt skilorðsbundin. Þá er þess krafist að kröfum um vexti af skaðabótum verði vísað frá dómi og bótakrafa Útvegsbanka Íslands hf. samkvæmt ákæru 31. maí 1988 verði tekin til greina með 260.000,00 krónum. Að lokum krefst hann þess, að dæmd verði málsvarnarlaun.

I.

Verjandi ákærða byggir ómerkingar- og heimvísunarkröfu sína aðallega á bréfi, sem héraðsdómari ritaði Hæstarétti 1. mars 1988 í tilefni dóms yfir ákærða í hæstaréttarmálinu nr. 208/1987, sem kveðinn var upp 18. febrúar 1988. Er í bréfinu skýrt frá því að fyrir liggja hjá sakadómi Reykjavíkur og Rannsóknarlögreglu ríkisins óafgreidd mál vegna ætlaðra brota ákærða. Telur verjandi að með

bréfi þessu hafi dómariinn bakað sér vanhæfi samkvæmt 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Einnig bendir verjandi á, að mál þetta hafi verið þingfest 20. janúar 1988, án þess að ákæra hafi áður verið birt ákærða, og brjóti það í bága við 121. gr., sbr. 115. gr., laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Í fyrrgreindu bréfi héraðsdómarans komu, sem fyrr segir, fram upplýsingar um óafgreidd mál ákærða og jafnframt það álit héraðsdómarans að þær væru ekki í samræmi við ummæli í dómi Hæstaréttar um feril ákærða. Verður ekki á það fallist að með þessu hafi hann tekið slíka afstöðu til þessara mála, að hann teljist hafa verið vanhæfur til að fara með þau.

Að því er varðar fyrirtækt málsins 20. janúar 1988, er ljóst að dómariinn hefur þá talið nauðsynlegt að gera bókun um árangurslausar tilraunir til að boða ákærða fyrir dóm og birta honum ákæru, sem gefin var út 9. nóvember 1987. Jafnframt var bókað að ákærði væri erlendis með óvissan dvalarstað og að dómariinn myndi gera frekari ráðstafanir til að hafa upp á ákærða og fá ákærana birta fyrir honum. Í þinghaldinu voru lögð fram þau skjöl, er þá lágu fyrir í málinu. Annað gerðist ekki í þinghaldi þessu. Málið var síðan næst tekið fyrir 20. apríl 1988 og þá lögð fram ný ákæra ásamt tilheyrandi gögnum og kom ákærði fyrir dóminn ásamt verjanda sínum og voru honum þá birtar fyrirbyggjandi ákæru. Verður ekki talið að þetta hafi verið óeðlileg málsmeðferð, enda voru hagsmunir ákærða hér engan veginn fyrir borð bornir.

Með hliðsjón af framansögðu er ómerkingar- og heimvísunarkröfu ákærða hafnað.

II.

1. Ákæra 9. nóvember 1987.

Ártal í útgáfudagsetningu tékka samkvæmt ákærulið 3 hefur misritast í ákæru og á að vera 1986, en ekki 1987. Þá hefur nafn banka misritast í ákærulið 7 og á að vera Seljaútibú Búnaðarbankans, en ekki Landsbankans. Þrátt fyrir þessa ágalla ákærunnar má dæma málið, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms um þessa ákæru er staðfest niðurstaða hans um hana. Einnig er staðfest ákvæði hans um greiðslu skaðabóta vegna tékka þeirra, sem um ræðir í ákæru-

liðum 9 og 10, en vextir verða þó aðeins dæmdir frá birtingu ákæru eins og í dómsorði greinir.

2. Ákæra 21. mars 1988.

Svo sem fyrr greinir, er af hálfu ákæruvalds fallið frá kröfum á hendur ákærða samkvæmt II. kafla þessarar ákæru. Stendur þá eftir III. kafla hennar. Í ákærunni hefur misritast dagsetning tékka undir lið 1 þessa kafla og á að vera 9.8. 1986, en ekki 8.9. 1986. Þetta þykir ekki standa í vegi þess að dæmt verði um þetta atriði, sbr. áðurgreint ákvæði 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Staðfest er niðurstaða héraðsdóms um þennan ákærulið og heimfærsla hans til refsíákvæðis. Einnig er staðfest ákvæði hans um skaðabætur vegna tékka þeirra, sem hér um ræðir, en vextir verða þó aðeins dæmdir frá birtingu ákæru, eins og í dómsorði greinir.

3. Ákæra 31. maí 1988.

Eins og rakið er í héraðsdómi, breytti ákærði fjárhæð tékka, sem hann hafði fengið frá Slippfélaginu hf., úr 2.546,00 krónum í 262.546,00 krónur og einnig breytti hann dagsetningu tékkans. Tékkann hagnýtti ákærði sér síðan með þeim hætti, sem lýst er í héraðsdómi. Þótt nokkuð skorti á í lýsingu ákæru á atferli ákærða, þykir engu að síður á grundvelli hennar unnt að dæma ákærða fyrir skjalafals samkvæmt 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og er niðurstaða héraðsdóms um þessa ákæru því staðfest með skírskotun til forsendna hans.

Skaðabótakrafa Útvegsbanka Íslands vegna máls þessa var svo bókuð eftir fulltrúa bankans hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 11. nóvember 1987, að gerð var krafa um, að ákærði yrði „dæmdur til þess að endurgreiða Útvegsbanka Íslands þá fjárhæð, sem hann sveik út, ásamt vöxtum frá 5.11. 1987 til greiðsludags“. Verjandi ákærða hefur krafist þess að krafa bankans verði tekin til greina með 260.000,00 krónum. Af hálfu ákæruvalds hefur það verið samþykkt. Þykir rétt að dæma ákærða til að greiða bankanum þá fjárhæð. Vaxtakrafa bankans er hins vegar svo óljós að rétt er að vísa henni frá dómi.

4. Ákæra 1. júní 1988.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er staðfest niðurstaða hans varðandi þessa ákæru. Er og staðfest ákvæði dóms-

ins um greiðslu skaðabóta, sem krafist hefur verið vegna þess atferlis ákærða, sem þar er um fjallað.

III.

Ákærði var með dómi Hæstaréttar 18. febrúar 1988 dæmdur í 7 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn valdstjórninni, líkamsárás og þjófnað, en mál þetta var dæmt í héraði 24. apríl 1987. Ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að taka það mál til meðferðar og dæma refsingu fyrir bæði málin í einu lagi. Með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Axel Þórarinn Þorsteinsson, sæti fangelsi 12 mánuði.

Ákærði greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur sem hér segir:

Verslun Guðmundar Þorsteinssonar sf., Bankastræti 12, Reykjavík, 11.000,00 krónur, Skóverslun M. H. Lyngdals, Akureyri, 5.000,00 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 20. apríl 1988 til greiðsludags, Sunnubúð Siggu og Sibbu, Mávahlið 26, Reykjavík, 5.000,00 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 20% frá 20. apríl, til 1. júní s.á., 22% frá þeim degi til 11. s.m., 24% frá þeim degi til 21. s.m., 26% frá þeim degi til 21. ágúst s.á., 25% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 21. s.m., 7% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4% frá þeim degi til 11. janúar 1989, 5% frá þeim degi til 21. s.m., 9% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 10% frá þeim degi til

1. mars s.á., 11% frá þeim degi til 21. mars s.á., 13% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 15% frá þeim degi til 21. maí s.á., 16% frá þeim degi til 1. júní s.á. og 17% frá þeim degi til greiðsludags, Landsbanka Íslands 1.000,00 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 20. apríl 1988 til greiðsludags, Útvegsbanka Íslands 260.000,00 krónur, Skála Vídeó, Tryggvagötu 14, Reykjavík, 29.100,00 krónur, Vídeómeistar-
anum, Seljabraut 54, Reykjavík, 4.800,00 krónur, Söluturnin-
um Snælandi, Furugrund 2, Kópavogi, 4.500,00 krónur, Myndbandaleigu kvikmyndahúsanna, Skipholti 50 C, Reykja-
vík, 5.625,00 krónur, Sælgætis- og vídeóhöllinni, Garðatorgi
1, Garðabæ, 16.500,00 krónur og Vídeóhöllinni, Hamraborg
11, Kópavogi, 25.200,00 krónur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin sak-
sóknarlaun, í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun
skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttar-
lögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. júlí 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 13. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr.402-404/1988: Ákærvaldið gegn Axel Þórarni Þorsteinssyni, X og Y, sem tekið var til dóms 22. júní sl.

Málið er höfðað fyrir dóminum með fjórum ákæruskjölum ríkissaksókn-
ara á hendur ákærðu, Axel Þórarni Þorsteinssyni, nú að Grünesgatan 2, Osló í Noregi, fæddum 24. júlí 1963 í Reykjavík, X og Y.

Með ákæruskjali, dagsettu 9. nóvember sl., er höfðað mál á hendur ákærða Axel Þórarni einum „fyrir tékkasvik með því að hafa í ágúst 1986 notað í viðskiptum eftirgreinda 10 tékka, samtals að fjárhæð kr. 74.000, sem hann gaf alla nema þann síðastgreinda út til handhafa á reikning sinn nr. 224183 hjá Alþýðubankanum, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, án þess að eiga innstæðu fyrir tékkunum:

1. Tékki nr. 272251, að fjárhæð kr. 20.000, gefinn út til Axels Þor-
steinssonar með útgáfudagsetningunni 20. ágúst. Seldur í Alþýðubankanum
í Reykjavík.

2. Tékki nr. 272252, að fjárhæð kr. 10.000, gefinn út til handhafa með

útgáfudagsetningunni 20. ágúst 1986. Með framsalsstimpli verslunarinnar Hólasports, Lóuhólum 2-6, Reykjavík.

3. Tékki nr. 272262, að fjárhæð kr. 4.000, gefinn út til handhafa með útgáfudagsetningunni 23. ágúst 1987. Með illlæsilegri framsalsáritun og framsalsstimpli Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

4. Tékki nr. 272259, að fjárhæð kr. 1.000, með útgáfudagsetningunni 21. ágúst 1986. Framseldur af ákærða. Seldur í útibúi Verslunarbankans í Breiðholti.

5. Tékki nr. 272255, að fjárhæð kr. 6.000, með útgáfudagsetningunni 21. ágúst 1986 og framsalsstimplum verslunarinnar Herraríkis, Glæsibæ, og Langholtsútibús Landsbankans.

6. Tékki nr. 272256, að fjárhæð kr. 9.000, dagsettur 21. ágúst 1986, með framsalsstimpli Viðars Haukssonar, Hamraborg 1, Kópavogi, og Sparisjóðs Kópavogs.

7. Tékki nr. 272260, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 23. ágúst 1986, með framsalsstimplum verslunarinnar að Norðurbraut 30, Hafnarfirði, og Seljaútibús Landsbankans í Reykjavík.

8. Tékki nr. 272263, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 25. ágúst 1986, með ólæsilegum framsalsstimpli.

9. Tékki nr. 272264, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 26. ágúst 1986. Ákærði seldi tékkann í skóverslun M. H. Lyngdals, Akureyri.

10. Tékki nr. 2298377 úr tékkhefti frá Iðnaðarbanka Íslands, Lækjargötu 12, Reykjavík, að fjárhæð kr. 11.000, gefinn út til handhafa á reikning nr. 9953, dagsettur 19. ágúst 1986. Ákærði seldi tékkann í skartgripaverslun Guðmundar Þorsteinssonar, Bankastræti 12, Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Þá er höfðað mál á hendur ákærðu öllum með ákæruskjali, dagsettu 21. mars sl., „fyrir eftirgreind brot á hegningarlögum, framin í ágúst 1986:

I. Ákærða Y er gefið að sök að hafa í byrjun mánaðarins stolið úr bifreið í Vestmannaeyjum seðlaveski Sigríðar Einarsdóttur, Áshamri 75, Vestmannaeyjum, en í veskinu var meðal annars tékkhefti frá Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum og greiðslukort Sigríðar frá Eurocard nr. 5414 8300 1320 3103.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

II. Ákærðu er öllum gefið að sök skjalafals með því að hafa framvísað á eftirgreindum stöðum í Reykjavík, nema annar staður sé tekinn fram, ofangreindu greiðslukorti Sigríðar Einarsdóttur og látið skuldfæra andvirði vara og veitinga, sem ákærðu deildu með sér, á viðkomandi reikning Sigríð-

ar, en ákærða X falsaði jafnframt nafnritunina Sigríður Einarsdóttir á sölu-nótur til staðfestingar viðskiptunum.

1. Í veitingahúsinu Broadway andvirði veitinga, kr. 1.803, samkvæmt sölunótu nr. 7260868, dagsettri 8.8.1986.

2. Á sama stað andvirði veitinga, kr. 1.410, samkvæmt sölunótu nr. 7089231, dagsettri 8.7.1986.

3. Í versluninni Sækjörum, Kársnesbraut 93, Kópavogi, andvirði vara, kr. 2.460, samkvæmt sölunótu nr. 7327902, dagsettri 8.8.1986.

4. Hjá bifreiðarstjóra nr. 60 hjá Bæjarleiðum andvirði leiguaksturs, kr. 1.245, samkvæmt sölunótu nr. 6603081, dagsettri 9.8.1986.

5. Í Duus-húsi, Aðalstræti 4, andvirði veitinga, kr. 1.890, samkvæmt sölunótu nr. 5932466, dagsettri 9.8.1986.

6. Á sama stað andvirði veitinga, kr. 2.195, samkvæmt sölunótu nr. 5932412, dagsettri 9.8.1986.

7. Á sama stað andvirði veitinga, kr. 5.156, samkvæmt sölunótu nr. 5932877, dagsettri 9.8.1986.

8. Í gistihúsinu í Brautarholti 22 andvirði gistingar, kr. 1.600, samkvæmt sölunótu nr. 6485341.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

III. Ákærða Axel eru einum gefin að sök tékkasvik með því að nota í staðgreiðsluviðskiptum eftirgreinda 2 tékka, sem hann gaf út í eigin nafni til handhafa á eyðublöð úr ofangreindu tékkhefti án þess að eiga innstæðu í bankanum fyrir andvirði tékkanna:

1. Tékki nr. 1477955, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 8.9.1986. Seldur í Sunnubúð Siggú og Sibbu, Mávahlið 26.

2. Tékki nr. 1477953, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 8.8.1986. Seldur í sölurni í Hlíðahverfi í Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Enn er höfðað mál á hendur ákærða Axel Þórarni einum með ákæru-skjali dagsettu 31. maí sl., „fyrir skjalafals með því að hafa, 5. nóvember 1987 selt í Útvegsbanka Íslands, Lóuhólum 2-6, Reykjavík, tékka, sem ákærði hafði fengið út gefinn sér til handa fyrir vinnulaunum, kr. 2.546,00, af Jóni Ölveri Péturssyni vegna Slippfélagsins í Reykjavík hf. og ákærði hafði falsað með því að breyta fjárhæð hans í kr. 262.546,00.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Loks er höfðað mál á hendur ákærða Axel Þórarni einum með ákæru-

skjali, dagsettu 1. júní sl., „fyrir fjársvik með því að hafa í mars 1987 í sviksamlegum tilgangi tekið á leigu 61 myndbandsspólu í eftirgreindum myndbandaleigum og í framhaldi af því selt tíu þeirra myndbanda, sem hann tók á leigu, í Skála Vídeói, Tryggvagötu 14, Reykjavík, 19. mars og níu þeirra á sama stað 20. mars fyrir samtals kr. 29.100,00, sem hann eyddi í eigin þarfir:

1. Sunnudaginn 15. mars og mánudaginn 16. mars í Vídeómeistaránunum, Seljabraut 54, Reykjavík, tekið á leigu 8 myndbandsspólur samkvæmt tveimur leigusamningum, númer 37470 og 37544.

2. Sunnudaginn 15. mars í söluturninum Snælandi, Furugrund 3, Kópavogi, tekið á leigu tvær myndbandsspólur samkvæmt leigusamningi númer 10209.

3. Þriðjudaginn 17. mars í Myndbandaleigu kvikmyndahúsanna, Skip-holti 50 C, Reykjavík, tekið á leigu sex myndbandsspólur samkvæmt leigusamningi númer 35834.

4. Miðvikudaginn 18. mars í Sælgætis- og vídeóhöllinni, Garðatorgi 1, Garðabæ, tekið á leigu sextán myndbandsspólur samkvæmt leigusamningi númer 23275.

5. Sama dag í Vídeóhöllinni, Hamraborg 11, Kópavogi, tekið á leigu 8 myndbandsspólur samkvæmt tveimur leigusamningum, númer 10352 og 10353, og fimmtudaginn 19. mars þrjár myndbandsspólur samkvæmt leigusamningi númer 10391.

6. Fimmtudaginn 19. mars í myndbandaleigunni Vídeó Rita, Nýbýla-vegi 26, Kópavogi, tekið á leigu sex myndbandsspólur samkvæmt leigusamningi númer 11565.

7. Sama dag í myndbandaleigunni Stá-vídeó, Álfhólsvegi 32, Kópavogi, tekið á leigu fimm myndbandsspólur samkvæmt leigusamningi nr. 9052.

8. Sama dag í myndbandaleigunni Hlíð, Barmahlíð 8, Reykjavík, tekið á leigu sjö myndbandsspólur.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta“.

Málavextir eru þessir:

Ákæra dagsett 9. nóvember 1987.

Þriðjudaginn 19. ágúst 1986 kom ákærði Axel Þórarinn Þorsteinsson í Alþýðubankann hf. að Suðurlandsbraut 30 í Reykjavík og sótti um að fá að opna tékkareikning í bankanum. Var það samþykkt og næsta dag fékk ákærði afhent tékkhefti með 25 eyðublöðum á reikning nr. 224183 eftir að hafa opnað reikninginn með 8.000,00 króna innleggi, sem var lágmarks-innborgun til þess að stofna reikninginn. Sama dag gaf ákærði út tékkann

í 1. lið ákærunnar, og 27. ágúst 1986 höfðu bankanum borist tékkar á reikninginn, að fjárhæð samtals 71.000,00 krónur. Þann dag kærði bankinn málið til Rannsóknarlögreglu ríkisins og ákærða til refsingar fyrir að stofna reikninginn í þeim tilgangi að svíkja út fé.

Í málinu liggja frammi ljósrit þeirra tékka sem um ræðir í liðum 1-8 í ákærunni, að fjárhæð samtals 58.000,00 krónur, og auk þess frumrit tékkans í 9. lið ákærunnar, að fjárhæð 5.000,00 krónur. Þá liggur frammi ljósrit af tékka, að fjárhæð 3.000,00 krónur, úr sama tékkhefti, sem ekki er ákært fyrir útgáfu á. Er gerð tékkanna níu rétt lýst í ákærunni.

Ákærði hefur viðurkennt að hann hafi stofnað reikninginn í því skyni að stofna til fjársvika. Kveðst hann hafa gefið út í eigin nafni alla tékkana í liðum 1-9 í ákærunni, þótt hann hafi vitað, að ekki var innstæða fyrir þeim á reikningnum. Var ákærði undir áhrifum áfengis og lyfja þegar hann gaf út tékkana. Man ákærði yfirleitt ekki um notkun þeirra, en vefengir ekki, að henni sé rétt lýst í ákærunni að því marki, sem henni er lýst þar. Ákærði kveðst hafa notað það fé, sem hann fékk fyrir tékkana, til áfengis-kaupa og í ýmsar persónulegar þarfir. Ákærði man, að hann keypti skó fyrir andvirði tékkans í 9. lið ákærunnar, og fékk um 2.000,00 krónur til baka í peningum.

Með hliðsjón af afdráttarlausri játningu ákærða, að hann hafi gefið út alla framangreinda tékka í því skyni að svíkja út fé, hefur ekki þótt ástæða til þess að yfirheyra þá aðila sem hafa framselt tékkana, enda þótt ákærði muni ekki eftir, hvernig hver tékki um sig var notaður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa hinn 19. ágúst 1986 gefið út í eigin nafni til handhafa tékka þann, að fjárhæð 11.000,00 krónur, sem um ræðir í 10. lið ákærunnar, en honum er þar um alla gerð og notkun rétt lýst. Ákærði keypti gullhring fyrir andvirði tékkans, en hringnum var stolið frá honum að kvöldi umrædds dags á meðan ákærði svaf ölvunarsvefni á Arnarhóli í Reykjavík, en ákærði var ölvaður þegar hann gaf út tékkann. Ákærði komst yfir tékkaeyðublaðið hjá bróður sínum, sem hafði beðið ákærða að geyma það. Reikningsnúmerið valdi ákærði af handahófi.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í þessari ákæru og þar er rétt fært til refsíákvæðis.

Ákæra dagsett 21. mars 1988.

I.

Ákærði Y viðurkenndi í yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 1. september 1987 að hann hefði á þjóðhátíðinni í Vestmannaeyjum árið áður stolið seðlaveski, sem hefði verið í ólæstri bifreið í bænum, en ekki mundi ákærði vegna ölvunar hvar í bænum það hefði verið. Samkvæmt

frásögn ákærða voru í veskinu tékkhefti, greiðslukort og einhverjir pappír-ar. Upplýst er að eigandi veskisins hafi verið Sigríður Einarsdóttir, Áshamri 75 í Vestmannaeyjum. Tékkheftið var með eyðublöðum á Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum og greiðslukorti frá Eurocard.

Við meðferð málsins hefur ákærði sagt að það sé rétt að hann hafi í byrjun ágúst 1986 slegið eign sinni á veski, sem í voru m.a. tékkhefti og greiðslukort. Kveðst ákærði hafa tekið veskið, sem hafi legið fyrir utan bifreið í Vestmannaeyjum, en ekki tekið það úr bifreið. Vefengir ákærði ekki, að nafn bankans og eiganda greiðslukortsins sé rétt tilgreint í ákær-unni.

Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað sem fram er komið í málinu, að hann hafi slegið eign sinni á umrætt veski sem hafi m.a. haft að geyma áðurgreinda hluti. Rétt þykir að miða við dómsfram-burð ákærða um tökustað veskisins, og þykir brot hans því varða við 246. gr., en ekki 244. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Eftir að ákærði Y hafði komist yfir greiðslukortið hélt hann til Reykja-víkur fljótlega og var þar við áfengisdrykkju. Á því tímabili afhenti hann ákærðu X greiðslukortið, en hún var við áfengisdrykkju ásamt honum og ákærða Axel Þórarni.

Ákærða X skýrði Rannsóknarlögreglu ríkisins svo frá 23. september 1986 að hún viðurkenndi að hafa í nokkur skipti nú um daginn verslað fyrir greiðslukort sem hún vissi að var stolið. Sagði ákærða að hinn 8. ágúst hefðu komið til hennar meðákærðu, sem þá hefðu verið að koma frá Vest-mannaeyjum. Síðan mundi ákærða til þess að hún var allt í einu komin á veitingastaðinn Broadway ásamt meðákærðu og að þar notaði hún greiðslukort, sem þeir höfðu látið hana fá. Þetta sama kort kvaðst ákærða síðan hafa notað í verslun í Kópavogi, Gistiheimilinu í Brautarholti, í Duus-húsi og í leigubifreið frá Bæjarleiðum. Þá kvað ákærða meðákærðu hafa verið með sér í öll þau skipti, sem hún hefði notað kortið, og notið góðs af þeim veitingum og öðru því sem ákærða fékk út á kortið.

Ákærða sagði rannsóknarlögreglunni að í upphafi, þegar meðákærðu hefðu komið til sín og þá eftir að þeir hófu drykkju, hefðu þau farið saman heim til föður þeirra. Ákærða mundi ekki eftir því að meðákærðu hefðu nokkurn tíma gefið sér skýringu á því hvar þeir komust yfir greiðslukortið. Ákærða kvaðst hafa dvalist eina nótt í Gistiheimilinu í Brautarholti 22 og þar hefði hún rankað við sér, líklega 9. ágúst, og þá komið sér í burtu. Kvaðst ákærða muna eftir að ákærði Y hefði tekið af sér greiðslukortið, á meðan þau hefðu verið stödd í Gistiheimilinu, og vissi hún ekki hvað hefði orðið af því.

Ákærðu voru sýnd hjá rannsóknarlögreglu ljósrit af úttektarseðlunum átta, sem um er fjallað í ákæru málsins, og er skráð í skýrslu hennar um þetta á þessa leið:

„Seðlar nr. 7260868 og 7089231, báðir dagsettir 8.8.86, út gefnir af Broadway, Álfabakka 5, Rvík. Mætta er um það spurð, hvort hún kannist við þessa seðla.

„Ég kannast við þessa seðla, en á þá báða falsaði ég undirskrift korthafa. Fyrir báðar þessar úttektir voru keyptar veitingar handa mér og þeim bræðrum, Didda og Axel.“

Seðill nr. 7327902, út gefinn af versl. Sækjörum, Kársnesbraut 93, Kóp., dagsettur 8.8.86.

„Ég kannast við þennan seðil. Þarna keypti ég í umræddri verslun matvöru ýmiss konar og falsaði nafn korthafa á úttektarseðilinn. Með mér voru báðir þeir bræður, Diddi og Axel. Við fórum síðan með matvöruna til einhverrar konu, sem er sambýliskona föður þeirra bræðra, en hvar hún býr man ég ekki sökum ölvunar.“

Seðill nr. 6603081, út gefinn af Bæjarleiðum nr. 60, dagsettur 9.8.86.

„Ég kannast við þennan seðil. Þarna vorum við í leigubifreið öll þrjú, það er ég, Diddi og Axel, en í þetta skipti var líka með okkur systir þeirra bræðra, Heiða. Við vorum að leita að barnapössun fyrir Heiðu í þetta skipti og ókum vítt og breitt um borgina. Falsaði ég undirskrift korthafa á seðilinn.“

Seðlar nr. 5932877, 5932412 og 5932466, út gefnir af Duus-húsi, Aðalstr. 4, Rvík, dagsettir 9.8.86.

„Ég kannast við alla þessa seðla. Þarna vorum við stödd í Duus-húsi, ég, Diddi og Axel. Fyrir úttekt þessa fengum við veitingar ýmiss konar, og falsaði ég nafn korthafa á alla seðlana.“

Seðill nr. 6485341, út gefinn af Gistiheimilinu, Brautarholti 22, Rvík, dagsettur 9.8.86.

„Ég kannast við þennan seðil. Þarna tókum við á leigu herbergi, ég og Diddi, en mig minnir, að ég hafi verið látin greiða fyrir fram fyrir gistinguna. Ég falsaði nafn korthafa á þennan seðil eins og hina. Á alla þessa seðla, sem mér hafa verið sýndir, falsaði ég nafn Sigríðar Einarsdóttur.“

Við meðferð málsins segir ákærða, að sig rámi í að hafa í ölæði í ágúst 1986 falsað nafnritunina Sigríður Einarsdóttir á einhverjar sölunótur frá Eurocard Kreditkortum vegna viðskipta. Ákærða man ekki hversu margar þessar nótur voru. Ákærðu rámar í að hafa falsað áðurgreint nafn á nóturnar í liðum 1 og 2 í Broadway. Ákærða man ekki eftir að meðákærðu væru með sér og fengju veitingar í Broadway í þetta skipti. Ákærða telur að hún hafi hjá rannsóknarlögreglu ætlað að taka á sig allar falsanirnar sem um ræðir í þessum kafla ákærunnar, og þannig sé til kominn

framburður sinn hjá rannsóknarlögreglu. Ákærða telur að meðákærðu hljóti að hafa verið með sér og þannig sé til kominn framburður sinn hjá rannsóknarlögreglu um það.

Ákærða man ekki eftir að hafa verslað í Sækjörum og falsað þar áðurgreint nafn á sölunótuna samkvæmt 3. lið þessa kafla ákærunnar. Ákærða telur þó að þetta sé rétt og því hafi hún sagt rannsóknarlögreglunni frá því á sínum tíma að svo væri.

Ákærða man ekki í dag eftir að hafa falsað áðurgreint nafn á sölunótuna samkvæmt 4. lið, en telur að framburður sinn hjá rannsóknarlögreglu um þar greinda ökuferð sé réttur og hafi hún falsað nafnið á þessa nótu.

Ákærða man ekki eftir að hafa verið í Duus-húsi né að hafa gist í Brautarholti 22 á þessum tíma. Ákærða man ekki eftir að hafa ritað margnefnt nafn á sölunóturnar samkvæmt liðum 5-8 og muni framburður sinn hjá rannsóknarlögreglu um fölsun sína á nafnritun á umrædda seðla vera til kominn vegna þess, að hún hafi ætlað að taka á sig sök á fölsun nafnsins á seðlana.

Ákærði Axel Þórarinn var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu 13. desember 1986 og skýrði þá svo frá:

„Ég kannast við þetta kærufni og man eftir því að hafa farið ásamt Didda bróður til ..., sem býr uppi í Breiðholti, en það er X, og býr hún í Írabakka 8. Við fórum að drekka og fórum síðan saman út á nokkra staði og man ég eftir að hafa farið í Broadway. Duus-hús og Gistiheimilið í Brautarholti. Einnig vorum við að þvælast um í leigubíl. X var með greiðslukort sem hún notaði til að greiða fyrir allar þær veitingar, sem við keyptum, fyrir leigubílinn og gistingu í Brautarholti.

Ég veit ekki, hvar hún fékk þetta kort, en hún fékk það ekki hjá mér. Þegar ég fer að hugsa málið, þá hefur hún sennilega fengið það hjá Didda bróður. Ég hugsaði ekkert út í þetta þá, enda vissi ég ekki af því, að þarna var í gangi stolið greiðslukort, fyrr en eftir að búið var að nota það. Mér datt helst í hug, að X ætti þetta kort, og sá aldrei, þegar hún skrifaði undir úttektarseðlana.“

Við meðferð málsins segir ákærði Axel Þórarinn að hann viti að ákærða X hafi haft greiðslukort meðferðis, þegar hún og ákærðu báðir voru saman við áfengisdrykkju í fyrri hluta ágúst 1986. Ákærði kveðst ekki hafa vitað, þegar hann sá greiðslukortið fyrst í höndum ákærðu X, hvernig hún var að því komin. Ákærði segir að þau hafi öll þrjú, ákærðu, verið saman við áfengisdrykkju í Broadway, eftir að ákærði hafði séð greiðslukortið. Ákærði sá ekki ákærðu X greiða veitingar með kortinu né sá hann hana í annan tíma við umrædda áfengisdrykkju nota greiðslukort. Á meðan þau voru við umrædda áfengisdrykkju, man ákærði til þess, að þau fóru þrjú saman í leigubifreið í verslun í Kópavogi þar sem ákærða X verslaði. Ekki

sá ákærði hvernig ákærða X greiddi vörurnar og leigugjaldið fyrir bifreiðina. Sat ákærða X frammi í bifreiðinni og fór ein inn í verslunina. Ákærði kannast ekki við, að þau þrjú hafi verið saman að neyta veitinga í Duus-húsi á þessum tíma, né man ákærði til þess, að þau hafi verið saman í Brautarholti 22.

Ákærði kveðst ekki hafa vitað, fyrr en nokkrum mánuðum síðar, að ákærða X hefði verið að nota stolið greiðslukort.

Ákærði kannast ekki við að hafa séð sölunóturnar. Kveðst hann saklaus af því að hafa tekið þátt í skjalafalsi við notkun greiðslukortsins. Ákærði getur ekki gert sér grein fyrir því hvers vegna hann viðurkenndi hjá rannsóknarlögreglu að hafa verið með meðákærðu á þeim stöðum sem tilgreindir eru í ákærinni, þegar ákærða X notaði greiðslukortið.

Ákærði Y sagði rannsóknarlögreglu, að eftir að þeir ákærðu hefðu komið frá Vestmannaeyjum eftir þjóðhátíðina, hefðu þeir haldið til í Hörgshlíð 2 í íbúð sem faðir þeirra hafði til umráða. Þar voru þeir við áfengisdrykkju og fleira fólk gestkomandi þar í íbúðinni á sama tíma og um nokkurn tíma. Á meðal þessa fólks var ákærða X. Sagðist ákærði hafa fengið henni greiðslukortið úr veskinu, sem hann sló eign sinni á í Vestmannaeyjum, og hefðu þau síðan, hann, ákærði Axel Þórarinn og ákærða X, notað kortið í sameiningu, þó þannig að ákærða X hefði notað kortið til greiðslu, en ekki kvaðst ákærði muna hvar þau notuðu kortið né hvað þau keyptu fyrir það, nema verið geti, að þau hefðu notað kortið í Broadway.

Við meðferð málsins kveðst ákærði Y kannast við að hafa látið ákærðu X í hendur áðurgreint greiðslukort. Var ákærði þá ölvaður. Ákærði segir að ákærða X hafi verið með sér við drykkju fyrst eftir að hann fékk henni kortið í hendur, en það var í Hörgshlíð 2.

Ákærði kannast ekki við að hafa séð ljósrit af sölunótunum átta.

Ákærði man eftir að hafa verið með ákærðu X við drykkju í umrætt sinn, eftir að hún hafði fengið greiðslukortið, og að þau voru í Broadway og í Brautarholti 22. Ákærði man ekki eftir að hafa verið með ákærðu X í Duus-húsi né Sækjörum á þessu drykkjutímabili. Þá man hann ekki eftir að hafa verið með henni í leigubil.

Ákærði minnst þess ekki að hafa séð ákærðu X nota greiðslukortið og rita undir sölunótur. Ákærði man ekki eftir því að ákærði Axel Þórarinn, bróðir sinn, væri með sér og ákærðu X við margnefnda drykkju, og ákærði segist hafa greitt sjálfur fyrir áfengis kaup sín í Broadway.

Ákærði kveðst hafa verið í lyfjameðferð eftir langvarandi drykkju, þegar hann gaf skýrsluna hjá rannsóknarlögreglu, og sé því sumt rangt í henni, en framburður sinn í dóminum réttur.

Ákærði mótmælir ekki framburði meðákærðu hjá rannsóknarlögreglu,

en man ekki eftir að hafa verið með þeim við að nota greiðslukortið.

Ákærðu hafa öll breytt framburði sínum hjá rannsóknarlögreglu við meðferð málsins, svo sem rakið hefur verið.

Hvorugt ákærðu X og Y man eftir því við meðferð málsins, að ákærði Axel Þórarinn væri með þeim, og sjálfur hefur hann frá upphafi neitað að hafa vitað, að greiðslukortið væri stolið, þegar það var notað. Þá kannast hann ekki við að hafa séð ákærðu X nota kortið. Með hliðsjón af þessu öllu er ósannað að ákærði Axel Þórarinn hafi staðið í félagi við hin ákærðu að því að nota greiðslukortið. Verður hann því sýknaður af þeirri háttsemi.

Ákærði Y man eftir að hafa verið með ákærðu X við drykkju, eftir að hún fékk greiðslukortið í hendur, og að þau voru í Broadway og í Brautarholti 22. Hann man hins vegar ekki eftir að hafa verið með henni á hinum stöðunum á þessum tíma. Ákærði hefur við meðferð málsins horfið frá þeim framburði hjá rannsóknarlögreglu að þau hafi öll þrjú notað kortið í sameiningu, og minnst hann þess nú ekki að hafa séð ákærðu X nota kortið né undirrita sölunótur. Þá man hann ekki eftir að ákærði Axel Þórarinn væri með þeim. Með hliðsjón af framangreindu þykir ekki komin fram sönnun fyrir því að ákærði Y hafi í sameiningu við hin ákærðu notað greiðslukortið svo sem í ákæru er rakið. Ber því að sýkna ákærða af því.

Ákærða X viðurkenndi í upphafi allar átta falsanirnar í félagi við ákærðu. Nú rámar hana í að hafa falsað einhverjar sölunótur frá Eurocard Kreditkortum vegna viðskipta og nú man hún ekki eftir veru sinni á þeim stöðum, þar sem seðlarnir voru notaðir, né að meðákærðu væru með sér. Hún telur þó, að framburður sinn hjá rannsóknarlögreglu um notkun seðlanna í liðum 1-4 sé réttur, en hún hafi ætlað að taka á sig sök af fölsun hinna seðlanna, og þannig sé framburður sinn hjá rannsóknarlögreglu til kominn.

Með játningu ákærðu X hjá rannsóknarlögreglu um fölsun nafnritunarinnar Sigríður Einarsdóttir á seðlana í liðum 1-4 og því að hún telur við meðferð málsins að sá framburður sé réttur, er sannað að hún hafi falsað nafnritunina á þessa fjóra seðla. Hins vegar þykir með hliðsjón af framburði meðákærðu og breyttum framburði ákærðu ekki komið fram alveg nægjanlega mikið til þess að sakfella ákærðu fyrir fölsun nafnritunar á seðlana samkvæmt liðum 5-8, enda sýnir samanburður á rithandarsýnishorni ákærðu og nafnrituninni á þessa seðla ekki óyggjandi að þeir beri sömu rithönd og hinir seðlarnir. Brot ákærðu varðar við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

Ákæra dagsett 31. maí 1988.

Ákærði Axel Þórarinn hefur viðurkennt að hafa hinn 5. nóvember sl., þegar hann var drukinn og í rugli, notað í Útvegsbanka Íslands að Lóuhól-

um 2-5 í Reykjavík tékka þann sem um ræðir í þessari ákæru, en ákærði hafði fengið tékkann gefinn út sér til handa frá Slippfélaginu hf. fyrir vinnulaunum, að fjárhæð 2.546,00 krónur. Var tékkinn gefinn út vorið eða sumarið 1987 og hafði ákærði gleymt honum niðri í skúffu hjá sér í langan tíma. Þegar hann fann tékkann þar, datt honum í hug að breyta upphæðinni. Notaði ákærði rakvælarblað til þess að afmá stjórnur sem prentaðar voru framan við tölurnar, sem einnig voru prentaðar, sem og öll útfylling tékkans nema undirskrift Jóns Ölvers Péturssonar vegna Slippfélagsins hf. Ákærði bætti síðan tölunni 26 fyrir framan fjárhæðina á tveim stöðum á tékkanum með svörtu tússi, svo að fjárhæð hans varð 262.546,00 krónur. Dagsetningu tékkans breytti ákærði með sama hætti, og varð hún 30.10.87. Ákærði átti sparisjóðsbók í framangreindum banka og inn á hana lagði hann andvirði tékkans, en næsta dag fékk hann móður sína til þess að taka út úr bókinni 268.000,00 krónur, en einhver innstæða var á bókinni, þegar ákærði lagði inn á hana andvirði falsaða tékkans. Peningunum, sem ákærði fékk fyrir tékkann, varði hann til þess að kaupa farseðil fyrir sig með flugvél til Noregs og í eigin eyðslu þar fyrstu vikurnar eftir komuna þangað. Tékkinn er ógreiddur.

Framangreind háttsemi ákærða er sönnuð með játningu hans, sem er í samræmi við annað sem fram er komið í málinu. Er brotið rétt fært til refsíákvæðis í ákærunni.

III.

Ákærði Axel Þórarinn hefur viðurkennt að hafa framið tékkasvik með því að gefa út og nota þá tvo tékka, að fjárhæð samtals 6.000,00 krónur, sem um ræðir í þessum kafla ákærunnar, en umrædda tékka hafi hann notað til vörukaupa og í bæði skiptin fengið einhvern lítinn mismun til baka í peningum. Er gerð tékkanna rétt lýst í ákærunni, svo og segir ákærði sölustöðum þeirra rétt lýst, en reikningsnúmer á tékkana valdi ákærði af handahófi, enda átti hann engan reikning í bankanum. Tékkarnir eru ógreiddir. Brotið varðar við 248. gr. hegningarlaga.

Ákæra dagsett 1. júní 1988.

Ákærði Axel Þórarinn hefur játað að hafa í mars 1987 tekið á leigu í svíksamlegum tilgangi 61 myndbandsspólu á myndbandaleigum þeim, sem upp eru talðar í þessari ákæru, og á þeim dagsetningum, sem þar eru tilgreindar. Þá hefur ákærði staðfest, að tala myndbandsspólnanna, sem tilgreind er við hvern lið ákærunnar, sé rétt, en af þessum spólum seldi ákærði 10 myndbönd í Skálavídeói 19. mars og 9 á sama stað degi síðar, fyrir samtals 29.100,00 krónur. Ákærði var drukinn og í rugli þegar hann gerði þetta.

Af myndbandsspólunum 61 komst 51 til skila, en 10 vantaði. Er ekki upplýst hvað af þeim varð. Ekki komst til skila ein spóla á hverja af þremur fyrst greindu myndbandaleigunum, þrjár vantaði til Sælgætis- og vídeó-hallarinnar og fjórar til Videóhallarinnar. Allar spólurnar komust til skila á síðastgreindu þrjár myndbandaleigurnar.

Framangreind háttsemi ákærða er sönnuð með játningu hans, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, og rétt færð til refsí-ákvæðis í ákærinni.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þau sætt kærur og refsingum sem hér segir:

Ákærði Axel Þórarinn:

- 1985 10/4 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt, fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1985 31/8 Austur-Skaftafellssýslu: Sátt, 700 kr. sekt, fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1985 27/12 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, og 10.000 kr. sekt, fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga. Svíptur rétti til ökuleyfis í 6 mánuði frá 27.12.1986.
- 1985 27/12 Reykjavík: Sátt, 16.000 kr. sekt, fyrir brot á 25. gr., 26. gr. og 37. gr. umferðarlaga. Svíptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 12 mánuði frá 27.12.1985.
- 1986 13/12 Reykjavík: Dómur: 30.000 kr. sekt, fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga. Svíptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 13.12.1986.
- 1987 24/4 Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi, fyrir brot á 1. mgr. 106. gr., 1. mgr. 218. gr. og 244. gr. hegningarlaga. Dómur 27.12.1985 dæmdur með.
- 1987 23/7 Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi, fyrir brot á 155. gr. hegningarlaga. Hegningarauki.
- 1988 18/2 Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli frá 24.4.1987: 7 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár.

Refsingar.

Ákærða Axel Þórarinn verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, en öll eru brot ákærða framin fyrir uppsögu dóms Hæstaréttar frá 18. febrúar sl. og öll nema brot ákærða samkvæmt ákærinni frá 31. maí sl. framin fyrir uppsögu dómanna frá 24. apríl og 23. júlí 1987. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

*Skaðabætur.**Ákæra dagsett 9. nóvember 1987.*

Ekki er höfð uppi skaðabótakrafa vegna tékkanna í liðum 1-8 í þessari ákæru, en slíkar kröfur liggja frammi vegna hinna tékkanna tveggja. Eru þær þessar:

Verslun Guðmundar Þorsteinssonar sf., Bankastræti 12 í Reykjavík, 11.000,00 krónur.

Skóverslun M. H. Lyngdals á Akureyri, 5.000,00 krónur ásamt dráttarvöxtum frá innlausnardegi tékkans í banka til greiðsludags, en hann var 27. ágúst 1986.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfurnar, sem verða teknar til greina og ákærði dæmdur til þess að greiða þær.

Ákæra dagsett 21. mars 1988.

I.

Engin bótakrafa liggur fyrir vegna þessa kafla ákærunnar.

II.

Eurocard á Íslandi hefur gert kröfu til þess í bréfi, dagsettu 2. september sl., að sá aðili, sem yrði uppvís að stuldi kreditkortsins, greiddi fyrirtækinu til baka 17.759,85 krónur ásamt fullum dráttarvöxtum, nú 2.25%, pr. mánuð eða brot úr mánuði frá 17. ágúst 1987 að telja til greiðsludags samkvæmt viðskiptaskilmálum fyrirtækisins.

Samkvæmt ofangreindu er kröfu þessari beint að ákærða Y, sem er sakfelldur fyrir þjófnaðinn á kortinu, en ekki ákærðu X, sem er sakfelldur fyrir fölsun nafnritunar á helming úttektarseðlanna.

Engin gögn fylgja kröfugerðinni til sönnunar því að Eurocard hafi greitt viðkomandi úttektir umræddum fyrirtækjum. Þegar af þessari ástæðu ber að vísa frá dóminum bótakröfu Eurocard í máli þessu.

III.

Sunnubúð Siggú og Sibbu, Mávahlíð 26 í Reykjavík, gerir kröfu til þess að ákærði Axel Þórarinn verði dæmdur til að endurgreiða höfuðstól tékkans í 1. lið þessa kafla þessarar ákæru, 5.000,00 krónur, ásamt dómvöxtum frá sýningardegi tékkans til greiðsludags, en tékkinn var greiddur í banka 11. ágúst 1986.

Þá gerir Landsbanki Íslands bótakröfu, að fjárhæð 1.000,00 krónur, vegna tékkans í 2. lið þessa kafla ákærunnar með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 11. ágúst 1986 til greiðsludags, en þann dag var tékkinn greiddur í banka.

Ákærði Axel Þórarinn hefur samþykkt greindar kröfur, sem eru réttmætar, og verður hann því dæmdur til þess að greiða þær eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákæra dagsett 31. maí 1988.

Sú krafa er gerð á hendur ákærða Axel Þórnari að hann verði dæmdur til þess að endurgreiða Útvegsbanka Íslands 262.546,00 krónur ásamt vöxtum frá 5. nóvember 1987 til greiðsludags. Hefur ákærði samþykkt þessa kröfu, sem er réttmæt, og verður hann því dæmdur til þess að greiða hana eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákæra dagsett 1. júní 1988.

Eftirgreindar myndbandaleigur gera kröfur á hendur ákærða Axel Þórnari vegna háttseminnar samkvæmt þessari ákæru:

Skála Vídeó, Tryggvagötu 14 í Reykjavík, 29.100,00 krónur vegna myndbandanna, sem ákærði keypti þar.

Vídeómeistarinn, Seljabraut 54 í Reykjavík, 4.800,00 krónur vegna spólnunnar sem ekki var skilað.

Söluturniinn Snæland, Furugrund 2 í Kópavogi, 4.500,00 krónur vegna spólnunnar sem ekki komst til skila.

Myndbandaleiga kvikmyndahúsanna, Skipholti 50 C í Reykjavík, 5.625,00 krónur vegna einnar spólu sem ekki komst til skila.

Sælgætis- og vídeóhöllin, Garðatorgi 1 í Garðabæ, 16.500,00 krónur vegna þriggja myndbanda sem ekki komust til skila.

Vídeóhöllin, Hamraborg 11 í Kópavogi, 20.000,00 krónur í bætur vegna þeirra fjögurra spólna sem komust ekki til skila, og 5.200,00 krónur í leigugjald, samtals 25.200,00 krónur.

Ákærði hefur samþykkt allar þessar kröfur, sem teljast réttmætar, og verður hann því dæmdur til þess að greiða þær.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu samkvæmt 142. gr. laga nr. 74/1974 til þess að greiða allan sakarkostnað. Skal ákærði Axel Þórarinn greiða skipuðum verjanda sínum, Hilmarí Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 45.000,00 krónur í málsvarnarlaun. Ákærða X skal greiða skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 35.000,00 krónur í málsvarnarlaun. Ákærði Y skal greiða skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni, 35.000,00 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað skal ákærði Axel Þórarinn greiða að 3/5 hlutum, en ákærðu X og Y að 1/5 hluta hvort.

D ó m s o r ð:

Ákærði Axel Þórarinn Þorsteinsson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærða X sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði Y sæti fangelsi í 7 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsingar ákærða Y og 45 daga af refsingu ákærðu X, og niður skulu þessar refsingar falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Axel Þórarinn greiði í bætur:

Verslun Guðmundar Þorsteinssonar sf., Bankastræti 12 í Reykjavík, 11.000,00 krónur.

Skóverslun M. H. Lyngdals á Akureyri 5.000,00 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 27. ágúst 1986 til greiðsludags.

Sunnubúð Siggú og Sibbu, Mávahlíð 26 í Reykjavík, 5.000,00 krónur ásamt almennum vöxtum frá 11. ágúst 1986 til greiðsludags.

Landsbanka Íslands 1.000,00 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 11. ágúst 1986 til greiðsludags.

Útvegsbanka Íslands 262.546,00 krónur ásamt almennum vöxtum frá 5. nóvember 1987 til greiðsludags.

Skála Vídeó, Tryggvagötu 14 í Reykjavík, 29.100,00 krónur.

Vídeómeistararum, Seljabraut 54 í Reykjavík, 4.800,00 krónur.

Söluturninum Snælandi, Furugrund 2 í Kópavogi, 4.500,00 krónur.

Myndbandaleigu kvikmyndahúsanna, Skipholti 50 C í Reykjavík, 5.625,00 krónur.

Sælgætis- og vídeóhöllinni, Garðatorgi 1 í Garðabæ, 16.500,00 krónur.

Vídeóhöllinni, Hamraborg 11 í Kópavogi, 25.200,00 krónur.

Ákærði Axel Þórarinn greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmarí Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 45.000,00 krónur í málsvarnarlaun. Ákærða X greiði skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 35.000,00 krónur í málsvarnarlaun. Ákærði Y greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni, 35.000,00 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærði Axel Þórarinn að 3/5 hlutum, en ákærðu X og Y að 1/5 hluta hvort.